

24. maí 2017

EHO/7-17

Faxaflóahafnir  
b/t stjórnar Faxaflóahafna  
Tryggvagata 17  
101 Reykjavík

### Varðandi: Ný skip Eimskipafélagsins

Kæru viðtakendur,

Eins og kunnugt er vinnur Eimskipafélagið nú að því að láta smíða 2 ný gámaskip. Um er að ræða raðsmíði á þremur skipum í samvinnu við Royal Arctic Line. Tvö þessara skipa munu verða í eigu Eimskips en það þriðja í eigu RAL. Öll skipin munu hafa reglulega viðkomu í Reykjavík og mögulega einnig á Grundartanga. Stefnt er að því að fyrsta skipið verði afhent í apríl 2019 og hin í beinu framhaldi í maí og júní sama ár.

Skipin verða allmiklu stærri en núverandi stærstu skip félagsins en helstu mál eru eftirfarandi:

Brúttótonn : 26.500 tonn

Lengd: 179,4 m

Djúprista: 9 m

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að þessi skip munu nýta nýjan bakka utan Klepps. Skipstjórar okkar hafa lýst áhyggjum af því að sá bakki liggja verr við ríkjandi vindáttum heldur en núverandi Kleppsbakki og því geti orðið aukin þörf fyrir þjónustu öflugra dráttarbáta en verið hefur.

Með þessu bréfi vill Eimskipafélagið upplýsa hafnaryfirvöld formlega um umrædd skipakaup og um leið vekja athygli á því að hér er um mun stærri skip að ræða en verið hefur. Þar með mun verða þörf fyrir möguleika á þjónustu öflugri dráttarbáta en höfnin hefur yfir að ráða núna. Því vill félagið hvetja hafnaryfirvöld til þess að huga að dráttarbátum sem henta vel fyrir umrædd skip og sambærileg.

Virðingarfyllt

**EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF.**



Gylfi Sigfússon forstjóri



Eyþór H. Ólafsson öryggisstjóri